

Ed.

495. Frumvarp til laga

[166. mál]

um tollvöruheymislur o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. maí.)

Samhljóða þskj. 470 með þessum breytingum:

13. gr. hljóðar svo:

Vörur úr tollvöruheymislum samkvæmt þessum kafla má senda í veg fyrir skip og önnur farartæki til annarra tollhafna, ef fylgt er þeim skilyrðum, sem tollýfirvöld setja hverju sinni um eftirlit og tryggilegan umbúnað við flutninginn. Undanskilja má vissa vöruflokka slíkum flutningi.

15. gr. hljóðar svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að reka verzlanir með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurlugvelli og Keflavíkurlugvelli. Birgðir þeirra verzlana má geyma í tollfrjálsum birgðageymislum, sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

Verzlunum samkvæmt 1. málsgrein er eingöngu heimilt að selja vörur sínar áhöfnum og farþegum millilandaflugvéla, sem eru að leggja af stað til útlanda, þannig að varan sé flutt undir tolleftirliti um borð í flugvélinu. Fyrirskipa skal, að vörur þessar séu afhentar kaupanda í sérstaklega gerðum lokuðum umbúðum, sem kaupandi ber ábyrgð á, að viðlagðri refsingu, að ekki séu opnaðar fyrir en komið er út úr íslenskri tollandhelgi. Enn fremur er verzlunum þeim, sem hér um ræðir, heimilt að senda vörur sínar í pósti til viðtakenda búsettra erlendis samkvæmt reglum, er ráðherra setur.

Verzlanir og vöruheymislur samkvæmt þessari grein eru háðar tolleftirliti, og gilda um vöruheymislurnar ákvæði 5., 7., 9., 10. gr. og 2. mgr. 11. gr. laga þessara, eftir því sem við á.

Verzlanir og vöruheymislur á Keflavíkurlugvelli skulu lúta yfirstjórn ráðherra þess, er fer með utanríkismál.

Ráðherra getur heimilað einkasölum ríkisins að selja skipum og flugvélum í utanlandsferðum vörur sínar sem neytluförða tollfrjálst og samkvæmt sérstökum reglum um álagningu. Einkasölum skulu endurgreidd aðflutningsgjöld af þeim vörum, sem þannig eru seldar.